

1997 nr. 129 23. desember

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Tóku gildi 1. júlí 1998, að undanskilinni 3. mgr. 14. gr. sem tók gildi 1. maí 1999. Breytt með 1. 84/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 148/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 11/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), 1. 56/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 65/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), 1. 141/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), 1. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003), 1. 70/2004 (tóku gildi 18. júní 2004; *EES-samningurinn*: VI. viðauki tilskipun 98/49/EB), 1. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), 1. 148/2004 (tóku gildi 30. des. 2004), 1. 28/2006 (tóku gildi 3. maí 2006), 1. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006), 1. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), 1. 140/2006 (tóku gildi 21. des. 2006), 1. 167/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), 1. 169/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), 1. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), 1. 171/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema 8. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2011 og 11. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2010) og 1. 13/2009 (tóku gildi 14. mars 2009).

I. kafli. Skyldutrygging, iðgjald og tryggingavernd.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

□ Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

□ Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

□ Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

■ **2. gr.** Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sér-lögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksíðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. [12%]¹⁾ af iðgjaldsstofni. [Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. kafla.]²⁾

□ Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisíðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sér-lögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.

□ Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

¹⁾ L. 167/2006, 1. gr. ²⁾ L. 148/1998, 2. gr.

■ **3. gr.** Lágmarksíðgjald til lífeyrissjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt].¹⁾ Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæð-

ispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, [sjúkragdagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar],²⁾ slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi [eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar]³⁾ skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga].¹⁾

□ Lífeyrisíðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.

¹⁾ L. 129/2004, 126. gr. ²⁾ L. 112/2008, 73. gr. ³⁾ L. 65/2002, 4. gr.

■ **4. gr.** Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan elli-lífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr., og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr. Enn fremur skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna makalífeyris skv. 16. gr. og kostnaði vegna barnalífeyris skv. 17. gr.

□ Lífeyrissjóður skal, í samræmi við 24. gr. þessara laga, tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

□ Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III. kafla.

■ **5. gr.** Sjóðfélagi getur ákveðið að ráðstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta iðgjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. og þeim hluta iðgjalds sem renna skal til viðbótartryggingaverndar.

□ Viðkomandi launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

□ Tilkyrni sjóðfélagi ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert iðgjald það sem hann getur ráðstafað skv. 1. mgr. skuli renna skal það greiðslufært samkvæmt samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

□ Lífeyrissjóður sem ákveður lágmarkstryggingavernd á grundvelli 3. mgr. 4. gr. eða aðili sem móttækur iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skal tryggja að sá hluti rekstrarins sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er réttthafar hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi.

■ **6. gr.** Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisíðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

□ [Lífeyrissjóðum og aðilum skv. 3. mgr. 8. gr. er skylt að tekjuári liðnu að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda sem greitt hefur verið til þeirra fyrir hvern rétthafa á því ári.]¹⁾

□ Launagreiðendur [samkvæmt lögum nr. 45/1987, um

staðgreiðslu opinberra gjalda],²⁾ og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og aðrir þeir sem innna af hendi iðgjaldsskyldar greiðslur, skulu að tekjuári liðnu tilgreina á launamiðum eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður þá fjárhæð sem iðgjöld hvers manns miðuðust við ásamt heildariðgjaldi sem skilað hefur verið til lífeyrissjóðs [og aðila skv. 3. mgr. 8. gr.]¹⁾

□ [Hver sá sem er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði samkvæmt lögum þessum og er framtalsskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt . . .³⁾ skal í framtali sínu eða á annan hátt er ríkisskattstjóri ákveður tilgreina þau iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda sem hann hefur greitt á árinu og þá lífeyrissjóði og aðila skv. 3. mgr. 8. gr. sem hann hefur greitt til.]¹⁾

□ Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum samkvæmt þeim upplýsingum sem embættið hefur fengið samkvæmt þessari grein. Á yfirlitinu skulu koma fram iðgjaldsstofn og greitt iðgjald hvers manns og mótframlag launagreiðanda. Sé enginn lífeyrissjóður tilgreindur á framtölum eða skilgreinum launagreiðanda og lífeyrissjóða skal senda yfirlitið til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem skal þá innheimta iðgjaldið.

□ Ráðherra skal með reglugerð⁴⁾ kveða nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

¹⁾ L. 148/1998, 3. gr. ²⁾ L. 169/2007, 3. gr. ³⁾ L. 129/2004, 127. gr. ⁴⁾ Rg. 391/1998, sbr. 742/1998 og 224/2001.

■ **7. gr.** Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

□ Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjaldnagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjaldnagi. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

□ Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

□ Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

■ **8. gr.** Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samning við þá aðila sem tilgreindir eru í 3. mgr. um tryggingavernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir skv. 1. mgr. 5. gr. Iðgjaldi eða iðgjaldshluta samkvæmt þeim samningi skal verja til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla eða í sameign skv. III. kafla.

□ Réthafa skv. 1. mgr. er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign nema með samkomulagi skv. 1.–3. tölul. 3. mgr. 14. gr. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða protabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

□ [Eftirtaldir aðilar hafa heimild til að stunda starfsemi skv.

II. kafla og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

2. Líftryggingafélög, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.

3. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 4. og 5. gr.¹⁾

□ [Erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan [Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum],²⁾ er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða án stofnunar útibús, sbr. 32. gr. sömu laga. Ákvæði 31., 32., 34. og 35. gr. þeirra laga gilda um heimildir viðskiptabanka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

□ Erlendum líftryggingafélögum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan [Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum],²⁾ er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 64. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, eða án stofnunar útibús, sbr. 65. gr. þeirra laga. Ákvæði 64.–70. gr. laganna gilda um heimildir líftryggingafélaga til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

□ Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um með hvaða hætti réthöfum skulu tryggðar upplýsingar um skilmála samninga um lífeyrissparnað og viðbótartryggingavernd, svo sem um efni þeirra, form og áunnin réttindi.]¹⁾

¹⁾ L. 70/2004, 1. gr. ²⁾ L. 108/2006, 16. gr.

■ **9. gr.** Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. [Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara.]¹⁾ Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en sá sem segir samningi upp hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafafrá iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar [enda varðar samningur ráðstöfun á lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr.]¹⁾ Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en í reglum um tryggingaverndina er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu eða réttindi á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

□ Á sama hátt og öðrum aðilum sem tilgreindir eru í [1. og 2. tölul.]²⁾ 3. mgr. 8. gr. er lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði 4.–5. gr. heimilt að taka einungis við iðgjaldi frá tilteknum sjóðfélaga samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

¹⁾ L. 171/2008, 1. gr. ²⁾ L. 70/2004, 2. gr.

■ **10. gr.** Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sem óska eftir því að bjóða upp á samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um tryggingaverndina gilda séu í samræmi við

ákvæði laga þessara. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrir en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn opinbers eftirlitsaðila. Taka skal afstöðu til reglnanna og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari formskilyrði fyrir samningum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað.

II. kafli. Lífeyrissparnaður.

■ **11. gr.** Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrir en réttthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótaraskilyrðum skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar. [Um heimild til endurgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr.]¹⁾

□ [Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum.]¹⁾

□ Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

□ Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. . . .¹⁾ Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

□ Í reglugerð skal kveðið á um styttri útborgunartíma ef um lágar upphæðir er að ræða.

¹⁾ L. 171/2008, 2. gr.

■ **12. gr.** Með jöfnum greiðslum skv. 11. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að réttthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. um lágmarkstíma, eða til æviloka réttthafa.

III. kafli. Lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum.

■ **13. gr.** Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris sem er ekki lakari en sá réttur sem kveðið er á um í þessum kafla. Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún getur verið mismunandi eftir því hvort iðgjald er til lágmarks- eða viðbótartryggingaverndar og eftir atvikum háð eða óháð aldri.

□ Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 18. gr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem

glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

■ **14. gr.** Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65–70 ára aldri. [Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris enda hefjist taka lífeyris ekki fyrir en sjóðfélagi verður 60 ára.]¹⁾ Í samþykktum skal kveðið á um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris.

□ Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.

□ Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.–3. tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.

2. [Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur]¹⁾ og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.

3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

¹⁾ L. 171/2008, 3. gr.

■ **15. gr.** Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

□ Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili, og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

□ Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.

□ Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunninn réttindi.

□ Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu

þrjá mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.

□ Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

■ **16. gr.** Lífeyrissjóður skal greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga ef hann hefur greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreknings skv. 3. mgr. 15. gr.

□ Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki vera 50% af áunnum örorkulífeyri viðkomandi sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

□ Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. [Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.]¹⁾ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

□ Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, framrekningsreglur, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

¹⁾ L. 65/2006, 8. gr.

■ **17. gr.** Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförunum 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreknings skv. 3. mgr. 15. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

□ Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

□ Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri, svo sem um útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans og fjárhæð þegar makalífeyrir vegna barns er ekki greiddur.

■ **18. gr.** Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldgreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi, svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris. Sjóðfélagi á rétt á aðgangi að upplýsingum er varða hann sjálfan. Jafnframt skal ríkisskattstjóri eiga aðgang að nauðsynlegum upplýsingum úr skránni vegna eftirlits hans skv. 6. gr.

□ Lífeyrissjóður skal samhliða greiðslufirliti eigi sjaldnar

en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

□ [Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldgreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.]¹⁾

□ [Lífeyrissjóðum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.]²⁾

□ Sjóðfélagi á rétt á að lífeyrissjóður rökstyðji skriflega ákvörðun er hann varðar. Í rökstuddri ákvörðun skal getið um rétt sjóðfélaga til að skjóta ákvörðun til gerðardóms, sbr. 33. gr.

□ Heimilt er að kveða á um kerfisbundna skráningu upplýsinga um iðgjöld og lífeyrisréttindi í reglugerð, svo og veitingu upplýsinga úr slíkri skrá til skattýfirvalda og annarra eftirlitsaðila.

¹⁾ L. 56/2000, 1. gr. ²⁾ L. 171/2008, 4. gr.

■ **19. gr.** Óheimilt er í samþykktum að kveða svo á að áunnin lífeyrisréttindi skerðist eða falli niður ef sjóðfélagi hættir iðgjaldgreiðslum til lífeyrissjóðs.

□ Ekki skal skipta máli hvort menn eiga lífeyrisréttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldgreiðslur skiptast milli tveggja eða fleiri sjóða. Nánar skal í reglugerð kveða á um skiptingu lífeyrisgreiðslna milli sjóða þegar lífeyrisréttindi hafa myndast í fleiri en einum sjóði, hvernig réttindi leggjast saman og um framkvæmd þessa ákvæðis að öðru leyti.

□ Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur í því skyni að auðvelda framkvæmd þessarar greinar.

□ Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

□ Í [samþykktum]¹⁾ er heimilt að kveða á um útborgun lífeyris í einu lagi ef um lágur upphæðir er að ræða.

¹⁾ L. 56/2000, 2. gr.

■ **[19. gr. a.]** Launþega, sem kemur til starfa hingað til lands frá höfuðstöðvum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu [eða Færeyjum],¹⁾ skal heimilt að greiða til lífeyriskerfis með sama hætti og honum væri heimilt ef hann aflaði teknanna í því landi þar sem höfuðstöðvarnar eru og lífeyriskerfið fellur ekki undir reglugerð nr. 1408/71/EBE. Ef greiðslu iðgjalda til slíks lífeyriskerfis er haldið áfram skv. 1. málsl. eru launþegi sem starfar utan höfuðstöðva og vinnuveitandi hans undanþegnir allri skyldu til að greiða iðgjöld til sambærilegs lífeyriskerfis hér á landi.

□ Vinnuveitendur, lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyris-sparnaðar skulu hafa tiltækar upplýsingar fyrir sjóðfélaga, sem flytjast til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu [eða Færeyja],¹⁾ um áunnin lífeyrisréttindi þeirra úr lífeyriskerfum skv. 1. mgr., með hvaða hætti þau verði

varðveitt, hvort unnt sé að flytja þau til erlendra sjóða og hvert beri að snúa sér þegar þau verða virk.]²⁾

¹⁾ L. 108/2006, 17. gr. ²⁾ L. 70/2004, 3. gr.

IV. kafli. Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar.

■ **20. gr.** Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánun í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

□ Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar. Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi. [Lífeyrissjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.]¹⁾

¹⁾ L. 28/2006, 1. gr.

■ **21. gr.** Ekki er heimilt að starfrækja lífeyrissjóð nema hann hafi fullgilt starfsleyfi skv. V. eða XI. kafla.

□ Að jafnaði skulu minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum, nema sjóðurinn tryggji áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti í samræmi við tryggingafræðilega athugun.

□ Lífeyrissjóði er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá váttryggingafélögum, sbr. lög um váttryggingastarfsemi. Jafnframt er honum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá váttryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er lífeyrissjóðum heimilt að hafa samstarf um einstaka þætti tryggingaverndar. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

■ **22. gr.** Lífeyrissjóðum er skylt og einum heimilt að nota í heiti sínu orðið „lífeyrissjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum eða til nánari skýringa á starfsemi sinni. Lífeyrissjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, er þó heimilt að halda heiti sínu óbreyttu.

■ **23. gr.** Lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Iðgjaldgreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

■ **24. gr.** Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athuginun skal byggjast á og ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Í reglugerð skulu jafnframt sett ákvæði um mat á hreinni eign til greiðslu lífeyris vegna tryggingafræðilegra athugana. Skal í reglugerðinni tilgreina möguleg frávik frá mati á eignarliðum í efnahagsreikningi skv. 40. gr., m.a. að verðmæti skráðra hlutabréfa og sambærilegra verðbréfa skuli miða við vegið markaðsvirði á tilteknu tímabili sem þó getur ekki verið lengra en sex mánuðir.

□ Athugun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu [Fjármálaeftirlitsins]¹⁾ til slíks starfs, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.

□ Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ tryggingafræðilega athugun skv. 1. mgr.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

V. kafli. Starfsleyfi lífeyrissjóða.

■ **25. gr.** Fjármálaráðherra skal veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Sýnt er fram á að sjóðurinn muni innan þriggja ára uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr.
2. Samþykktir eru samkvæmt ákvæðum 27. gr.
3. Stjórn hefur verið valin.
4. Lögilltur endurskoðandi hefur verið valinn.
5. Tryggingafræðingur hefur verið valinn.

□ Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Skulu fylgja henni samþykktir sjóðsins ásamt öðrum þeim upplýsingum og gögnum sem ráðherra ákveður. Áður en umsókn um starfsleyfi er afgreidd skal leita umsagnar [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾

□ Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lífeyrissjóða í Lögbirtingablaði.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

■ **26. gr.** Ákvörðun um starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

□ Uppfylli lífeyrissjóður sem sótt er um starfsleyfi fyrir ekki skilyrði laga þessara skal synja honum um það.

■ **27. gr.** Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

□ Samþykktir lífeyrissjóðs skulu m.a. kveða á um eftirtalin atriði:

1. Heiti, heimili og hlutverk sjóðsins.
2. Hverjir eru sjóðfélagar.
3. Almenn skilyrði um aðild að sjóðnum og um brottfall aðildar.
4. Ársfund, hvernig boða skuli til hans, hvaða mál skuli þar lögð fram, hverjir eigi þar atkvæðisrétt og hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn.
5. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila, svo og hvernig vali þeirra og endurskoðanda skuli háttáð.
6. Hvort fé í vörslu sjóðsins skuli varðveitt sem ein heild eða í fjárhagslega aðskildum deildum og hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað.
7. Hvernig iðgjöld til sjóðsins skuli ákveðin og hvernig þau skuli greidd.
8. Réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttáð og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skal og kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna.

9. Framkvæmd reglubundinnar, tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins og hvenær slík athugun skuli fara fram, sbr. 24. gr. og 39. gr.

10. Hvernig staðið skuli að breytingu á samþykktum sjóðsins.

11. Upplýsingaskyldu sjóðsins við sjóðfélaga.

12. Hlutverk og skipan gerðardóms.

■ **28. gr.** [Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrir en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.]¹⁾ . . . ²⁾ Tilkynning um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða skulu birtar í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal tilkynna [Fjármálaeftirlitinu]³⁾ um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi lífeyrissjóðs.

¹⁾ L. 56/2000, 3. gr. ²⁾ L. 171/2008, 5. gr. ³⁾ L. 84/1998, 7. gr.

VI. kafli. Rekstur og innra eftirlit.

■ **29. gr.** Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsregluger og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

□ [Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. og eftir atvikum í samþykktum einstakra lífeyrissjóða, ef þær leiða af ófrávikjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.]¹⁾

□ Stjórn lífeyrissjóðs annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi,

2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila,

3. að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins, sbr. VII. kafli,

4. að setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,

[5. að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu],²⁾

[6.]²⁾ að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað,

[7.]²⁾ að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins, sbr. 24. gr.,

[8. að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla].³⁾

¹⁾ L. 56/2000, 4. gr. ²⁾ L. 11/2000, 18. gr. ³⁾ L. 171/2008, 6. gr.

■ **30. gr.** Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, sbr. 27. gr.

□ Ársfund skal boða með tryggilegum hætti.

□ Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

■ **31. gr.** Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera löggráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkad mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélag, einkahlutafélag, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. [Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum].¹⁾

□ Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafli stjórnsýslulaga.

□ [Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt].²⁾

□ Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

□ Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

□ [Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Að öðru leyti fer um hæfi framkvæmdastjóra skv. 1. og 2. mgr.]³⁾

¹⁾ L. 108/2006, 18. gr. ²⁾ L. 171/2008, 7. gr. ³⁾ L. 56/2000, 5. gr.

■ **32. gr.** Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða edli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

□ Halda skal gerðabók um það sem gerist á fundum stjórnar. Allir stjórnarmenn sem mættir eru skulu undirrita fundargerðina.

■ **33. gr.** Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af viðkomandi lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ eða öðrum þeim aðila sem tilgreindur er í samþykktum viðkomandi sjóðs. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

■ **34. gr.** Við lífeyrissjóð skal endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili annast innra eftirlit, [sbr. 2. tölul. 3. mgr. 29. gr.]¹⁾ Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðs og þáttur í eftirlitskerfi hans.

□ Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu [Fjármálaeftirlitsins].²⁾

□ Lífeyrissjóði er skylt að tilkynna [Fjármálaeftirlitinu]²⁾ ef skipt er um eftirlitsaðila skv. 1. mgr.

□ [Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu [og skal hann hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfavíðskipti].³⁾

□ Lífeyrissjóður sem býður upp á tvo eða fleiri valmöguleika varðandi ávöxtun lífeyrisiðgjalda eða ávinnslu lífeyrisréttinda skal hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem hæft er til að sinna ráðgjöf í þeim efnum. Gæta skal þess að ráðgjöf sé sett fram á hlutlægan og faglegan hátt og taki mið af hagsmunum hvers sjóðfélaga. Lífeyrissjóður skal enn fremur láta útbúa skriflegt kynningarefni þar sem gerð er grein fyrir kostum og göllum einstakra valkosta miðað við mismunandi forsendur. Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi lífeyrissjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðanna.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2000, 6. gr. ²⁾ L. 84/1998, 7. gr. ³⁾ L. 171/2008, 8. gr. Breytingin tekur gildi 1. jan. 2011 skv. 14. gr. s.l.

■ **35. gr.** Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 34. gr. skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,

2. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,

3. gera tillögu til stjórnar um [skipulagningu innri endurskoðunar]¹⁾ og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,

4. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyris-sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,

5. hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg,

6. hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

□ [Fjármálaeftirlitið]²⁾ setur nánari reglur³⁾ um verkefni endurskoðunardeilda og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

¹⁾ L. 171/2008, 9. gr. ²⁾ L. 84/1998, 7. gr. ³⁾ Rgl. 687/2001.

VII. kafli. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

■ **36. gr.** Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í deildaskiptum sjóði. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.

2. [Í skuldabréfum og vixlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og vixlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.]¹⁾

3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki [75%]²⁾ af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.

4. Með innlánum í bönkum og sparissjóðum.

5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti [opinbers eftirlitsaðila].³⁾

6. Í hlutabréfum fyrirtækja.

7. [Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, [eða tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS-tilskipuninni)]¹⁾ en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra tölulíði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.]⁴⁾

[8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.]⁴⁾

[9.]⁴⁾ Í öðrum verðbréfum.

[10.]⁴⁾ Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

□ [Verðbréf skv. 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.]⁵⁾ Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) [og [ríkja Evrópska efnahagssvæðisins]]¹⁾⁶⁾ sem starfar reglulega, er opin almennings og viðurkenndur með þeim hætti sem [Fjármálaeftirlitið]⁷⁾ metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD [eða [ríkja Evrópska efnahagssvæðisins]]¹⁾⁶⁾ skal [Fjármálaeftirlitið]⁷⁾ hafa viðurkennt hann.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir allt að [20%]¹⁾ af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir [1., 2., 5., 6., 8. og 9.]⁴⁾ tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af aðilum innan aðildarríkja OECD [eða [ríkja Evrópska efnahagssvæðisins]]¹⁾.⁶⁾ Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó

eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir. [Nú greiðir bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, og skal sjóðnum þá heimilt að eiga slík verðbréf óháð takmörkunum skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.]⁸⁾³⁾

□ [Eign lífeyrissjóðs í einstökum tegundum verðbréfa skv. [2., 5., . . .]²⁾ 8. og 9.]⁴⁾ tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins.]³⁾ [Eign lífeyrissjóðs í hlutabréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.]²⁾ [Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. ekki vera meiri en [60%]²⁾ af hreinni eign sjóðsins. Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.]⁴⁾

□ [[Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins.]¹⁾ Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. másl. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. [Eigi er lífeyrissjóði eða einstakri deild hans heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum [og fjárfestingarsjóðum]⁹⁾ innan sama rekstrarfélags.]¹⁾ Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánum sama banka eða sparissjóðs.]⁴⁾

□ Lífeyrissjóður skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við [50%]³⁾ af hreinni eign sjóðsins.

□ [Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta uppgjöri sem hefur verið kannað eða endurskoðað af endurskoðanda.]²⁾ Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er þeim lífeyrissjóðum sem keyptu óskráð bréf tengd húsnæðislánunum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1972 til 1994 heimilt að flokka þau sem skráð bréf skv. 1. tölul. 1. mgr.]³⁾

□ [Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.]⁴⁾

□ [Ákvæði þessarar greinar eiga einungis við um samtryggingardeildir lífeyrissjóða [frá og með 1. janúar 2010].]⁹⁾¹⁾

¹⁾ L. 171/2008, 10. gr. ²⁾ L. 28/2006, 2. gr. ³⁾ L. 56/2000, 7. gr. ⁴⁾ L. 70/2004, 4. gr. ⁵⁾ L. 148/2004, 1. gr. ⁶⁾ L. 65/2002, 5. gr. ⁷⁾ L. 84/1998, 7. gr. ⁸⁾ L. 140/2006, 1. gr. ⁹⁾ L. 13/2009, 1. gr.

■ **[36. gr. a.** Vörsluaðilar séreignarsparnaðar, skv. II. kafla, skulu móta fjárfestingarstefnu fyrir hverja fjárfestingarleið þar sem fjárfestingar, aðrar en innlánsreikningar, eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. Fjárfestingarstefna vörsluaðila séreignarsparnaðar skal að öðru leyti háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Ekki er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af hreinni eign hvernar fjárfestingarleiðar í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði.

b. Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar í fjármála-gerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 20% af hreinni eign sjóðsins. Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.

c. Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 30% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans eða í verðbréfasjóðum [og fjárfestingarsjóðum sem hlutfall af hreinni eign]¹⁾ innan sama rekstrarfélags.

d. Vörsluaðilum séreignarsparnaðar er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

e. Hlutabréf fyrirtækja mega ekki vera meira en 70% af samanlagðri eign hvernar fjárfestingarleiðar.

f. Afleiðusamningar mega ekki vera meira en 10% af hreinni eign hvernar fjárfestingarleiðar.

□ Vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.²⁾

¹⁾ L. 13/2009, 2. gr. ²⁾ L. 171/2008, 11. gr. Ákvæðið tekur gildi 1. jan. 2010 skv. 14. gr. s.l.

■ **37. gr.** [Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skal byggð á tegundaflokkun innlána og verðbréfa, [sbr. 1.–10. tölul. 1. mgr. 36. gr.]¹⁾ Hver tegund innlána og verðbréfa skal jafnframt sundurliðuð eftir því sem við á með tilliti til gjaldmiðla-áhættu og stærðar einstakra innlánaaðila eða verðbréfaútgefenda. Lífeyrissjóðir skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

□ Fjármálaeftirlitið skal setja reglur²⁾ um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og hvernig henni skuli skilað til eftirlitsins.³⁾

¹⁾ L. 70/2004, 5. gr. ²⁾ Rgl. 966/2001, sbr. 335/2006. ³⁾ L. 56/2000, 8. gr.

■ **38. gr.** [Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lífeyrissjóði heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.¹⁾

□ Lífeyrissjóði er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Lífeyrissjóði er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtúmalán til þess að jafna fjárstreymi.

□ Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

¹⁾ L. 56/2000, 9. gr.

■ **39. gr.** Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs

lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Hrein eign til greiðslu lífeyris skal á hverjum tíma metin í samræmi við ákvæði 24. gr.

□ Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

□ Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ viðvart.

□ Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegum athugunum og tengdri ráðgjöf.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

VIII. kafli. Ársreikningur og endurskoðun.

■ **40. gr.** Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár lífeyrissjóðs er almanaksárið.

□ Ársreikningur skal undirritaður af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

□ Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ skal sjá til þess í samræði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings lífeyrissjóðs.

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ setur reglur²⁾ að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða efnahagsreiknings, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og fjárstreymisýfirlit og skýringar og mat á einstökum liðum.

□ [Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja sú fjárfestingarstefna sem starfað er eftir. Jafnframt skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um form og efni þessara skýrslna.]³⁾

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr. ²⁾ Rgl. 55/2000, sbr. rgl. 765/2002 og rgl. 1067/2004. Rgl. 966/2006, sbr. rgl. 335/2006. ³⁾ L. 56/2000, 10. gr.

■ **41. gr.** Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

□ Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins og

3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

□ Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

■ **42. gr.** Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal gerð af löggiltum endurskoðanda.

□ Endurskoðandi lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun og innra eftirliti, sbr. 35. gr.

□ Um endurskoðun hjá lífeyrissjóði gilda ákvæði VII. kafla laga um ársreikninga, eftir því sem við á, nema annað komi fram í þessum lögum.

□ Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemi hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 32. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ skal sjá til þess, í samráði við Félag löggiltra endurskoðanda og aðra hlutaðeigandi aðila, að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ setur reglur²⁾ um endurskoðun lífeyrissjóða.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr. ²⁾ Rgl. 685/2001.

■ **43. gr.** Senda skal [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

IX. kafli. Eftirlit.

■ **44. gr.** [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ hefur eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða [og vörsluaðila lífeyrissparnaðar]²⁾ sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Skal [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða [og vörsluaðila lífeyrissparnaðar]²⁾ sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. . . .³⁾

□ [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins telji eftirlitið að hagr sjóðsins gefi tilefni til þess.

□ Er [Fjármálaeftirlitinu]¹⁾ berst tilkynning skv. 4. mgr. 42. gr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að [rekstri og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar]²⁾ sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og endurskoðanda þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því að þeim barst krafan.

□ Telji [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ að starfsemi lífeyrissjóðs [og vörsluaðila lífeyrissparnaðar]²⁾ brjóti gegn ákvæðum laga

þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta, nema brot sé alvarlegt.

□ [Fjármálaeftirlitið] getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða [og vörsluaðila lífeyrissparnaðar],²⁾ enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi lífeyrissjóði.³⁾

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr. ²⁾ L. 171/2008, 12. gr. ³⁾ L. 11/2000, 19. gr.

■ **45. gr.** [Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 11/2000, 20. gr.

X. kafli. Umsjónaraðili, slit og samruni.

■ **46. gr.** Fullnægi lífeyrissjóður ekki lengur skilyrði laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. V. kafla, reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati [Fjármálaeftirlitsins],¹⁾ brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóðs eða sé rekstri hans ábótavant og kröfum [Fjármálaeftirlitsins]¹⁾ skv. 44. gr. ekki sinnt er ráðherra heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila um tiltekinn tíma að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾

□ Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfar. Tekur umsjónaraðili við réttindum og skyldum þessara aðila eftir því sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi hans sem ráðherra gefur út. Kostnaður við starf umsjónaraðila greiðist af viðkomandi lífeyrissjóði.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

■ **47. gr.** Skipun umsjónaraðila skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi lífeyrissjóði skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um skipunina í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

□ Skylda til greiðslu iðgjalds til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs fellur niður frá og með þeim tíma sem tilkynning um skipun umsjónaraðila birtist í Lögbirtingablaði. Ef iðgjaldagreiðslu til sjóðsins er hætt skal tryggingaskyldu fullnægt með aðild að og greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eða annars lífeyrissjóðs sem viðurkenndur er af fjármálaráðherra.

□ Að tillögu umsjónaraðila getur ráðherra ákveðið slit lífeyrissjóðs. Skal ráðherra þá skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar frá sama tíma. Skilanefnd skal taka ákvörðun um hvort sjóðnum skuli slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

■ **48. gr.** Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs, hvort heldur er með sameiningu eða öðrum hætti, skal tekin af stjórn hans, nema samþykktir sjóðsins kveði á um annað eða ákvæði 47. gr. eigi við.

□ Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal þegar í stað tilkynna fjármálaráðuneytinu og [Fjármálaeftirlitinu].¹⁾

□ Sé gert samkomulag um að sameina lífeyrissjóð algjörlega öðrum sjóði skal gefa út innköllun skv. 2. mgr. 49. gr. og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf þó að halda eignum

aðgreindum ef allir lánardrottmar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging.

□ Eignir lífeyrissjóðs skulu renna til þess lífeyrissjóðs sem hann sameinast. Við flutning og ákvörðun lífeyrisréttinda skal þess gætt að hver og einn sjóðfélagi beggja sjóðanna verði ekki fyrir réttindaskerðingu vegna sameiningarinnar. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr.

■ **49. gr.** Stjórn sjóðs eða sá aðili sem samkvæmt samþykktum sjóðs hefur ákveðið að honum skuli slitið skal þegar í stað tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, enda hafi skilanefnd ekki þegar verið skipuð skv. 3. mgr. 47. gr.

□ Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar og hefur hún sömu réttarhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

□ Eignir lífeyrissjóðs sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar skulu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til Söfnunarsjóðsins renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

XI. kafli. Lífeyrissjóðir sem starfa við gildistöku laga þessara.

■ **50. gr.** Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum eru undanþegnir ákvæðum 21. gr., V. kafla og X. kafla. Jafnframt eru þeir undanþegnir ákvæðum 3. gr. og III. kafla enda sé kveðið á um iðgjaldsstofn og réttindi í viðkomandi lögum. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. skal þó gilda fyrir þessa sjóði.

■ **51. gr.** [Lífeyrissjóðir sem njóta bakabyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka eru undanþegnir ákvæðum 21., 23. og 39. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2000, 11. gr.

■ **52. gr.** Lífeyrissjóðir, sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laga þessara, skulu innan eins árs frá gildistökunni senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn skulu fylgja samþykktir lífeyrissjóðs, tryggingafræðileg athugun, ásamt öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður. Hafi sjóður ekki nægjanlega marga sjóðfélaga skv. 21. gr. skal í umsókn koma fram hvenær og hvernig sjóðurinn hyggst uppfylla skilyrði greinarinnar, sbr. 25. gr. Um veitingu starfsleyfis fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla, um starfsleyfi.

□ Hafi lífeyrissjóður ekki sent umsókn um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum innan þess tíma sem greinir í 1. mgr. telst sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi og fer þá um málefni hans samkvæmt ákvæðum X. kafla.

■ **53. gr.** Lífeyrissjóðir, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda, skulu tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal þeim veitt starfsleyfi í því skyni, að fenginni umsögn [Fjármálaeftirlitsins].¹⁾ [Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr sjóðum sem starfa samkvæmt greininni fer eftir reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi voru við gildistöku laga þessara. Þó skal heimilt að breyta ákvæðum um réttindi sjóð-

félaga til samræmis við samkomulag sem samtök launþega og vinnuveitenda gera með sér, enda fari slík breyting hvorki í bága við III. kafla laganna né teljist ganga á ólögmetan hátt á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga innbyrðis eða annarra sem réttinda njóta, eða hafa teljandi fjárhagsleg áhrif þegar litið er til eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga. Við það mat skal m.a. litið til umsagnar tryggingafræðings viðkomandi sjóðs sem fylgja skal ósk um breytingar. Breytingar á réttindaákvæðum skulu koma fram í staðfestum samþykktum fyrir viðkomandi sjóði. Að öðru leyti skulu lög þessi gilda um hlutaðeigandi sjóði eftir því sem við getur átt.]²⁾

¹⁾ L. 84/1998, 7. gr. ²⁾ L. 56/2000, 12. gr.

■ **54. gr.** Lífeyrissjóði, sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980 og nýtur bakabyrgðar ríkis, sveitarfélags eða [banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og]¹⁾ réttindagrundvelli fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum við gildistöku laga þessara. [Lífeyrissjóði skv. 1. máls., sem nýtur ekki lengur bakabyrgðar, er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd.]²⁾ [Lífeyrissjóðum með bakabyrgð ríkis eða sveitarfélaga sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, en lífeyrissjóðum með bakabyrgð banka er heimilt að styðjast við aðrar launavísitölur sem Hagstofa Íslands birtir, enda liggja fyrir samkomulag aðila kjarasamninga viðkomandi sjóðfélaga.]³⁾ Lífeyrissjóðurinn skal tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal honum veitt starfsleyfi í því skyni.

□ Kjósi sjóðurinn að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum skulu þeir eiga aðild að sérstakri deild í sjóðnum og skulu samþykktir hennar uppfylla skilyrði laga þessara. Um starfsleyfi fyrir slíka deild skal sótt innan sömu tímamarka og í 1. mgr. greinir.

□ Í að minnsta kosti eitt ár eftir gildistöku laga þessara skal gefa þeim sem eiga aðild að lífeyrissjóði er þessi grein tekur til kost á aðild að réttindakerfi eða öðrum lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði laga þessara, [enda hafi slíkt val ekki farið fram fyrir gildistöku laganna].¹⁾

¹⁾ L. 148/1998, 4. gr. ²⁾ L. 167/2006, 2. gr. ³⁾ L. 141/2002, 1. gr.

XII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **55. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

■ **56. gr.** Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 391/1998, sbr. 742/1998, 224/2001, 293/2003 og 961/2006. Rg. 698/1998, sbr. 9/1999. Rg. 589/2000. Rg. 590/2000. Rg. 830/2000. Rg. 882/2001. Rg. 523/2002. Rg. 357/2003. Rg. 781/2004. Rg. 12/2006. Rg. 468/2007. Rg. 791/2007. Rg. 473/2008. Rg. 900/2008.

■ **57. gr.** Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi lífeyrissjóði.

■ **58. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Fram til þess tíma er starfsleyfi er veitt skv. XI. kafla skal um starfsemi lífeyrissjóðs gilda sú staðfesta reglugerð sem í gildi er við gildistöku laga þessara enda hafi heimild til reksturs lífeyrissjóðs ekki fallið niður.

■ **II.** Á árinu 2001 skal fjármálaráðherra láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmarkum skv. 4. gr. skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist.

■ **III.** Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. er lífeyrissjóðum sem starfandi voru við gildistöku laga nr. 129/1997 ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í greininni.

□ Lífeyrissjóðum sem keypt hafa óskráð bréf á grundvelli 9. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 er ekki skylt að selja óskráð bréf sem keypt voru fyrir gildistöku þessara laga.

□ Skuldabréf skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur tekið við, svo og skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur tekið við, vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2000, brbák.

■ **IV.** Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánunum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.]¹⁾

¹⁾ L. 70/2004, 6. gr.

■ **V.** Nú er í gildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% og skal þá heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga þessara þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.]¹⁾

¹⁾ L. 167/2006, 3. gr.

■ **VI.** Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal lífeyrissjóði vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008.

□ Þegar metið er hvort lífeyrissjóður falli undir 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal miða við 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árið 2008.]¹⁾

¹⁾ L. 171/2008, 13. gr.

■ **VII.** Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyr-

issjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutfé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.]¹⁾

¹⁾ L. 171/2008, 13. gr.

■ **VIII.** Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

□ Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem við gildistöku laga þessara nemur samantlagt allt að 1.000.000 kr. óháð því hvort samantlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. er að ræða.

□ Óski réttthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef réttthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

□ Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn réttthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

□ Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

□ Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.

□ Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar.]²⁾

¹⁾ Rg. 290/2009. ²⁾ L. 13/2009, 3. gr.

■ **IX.** Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

□ Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir réttthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun á útgreiðslum skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og er háð samþykki þess, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir réttthafa sparnaðarins eða almennings þess.]¹⁾

¹⁾ L. 13/2009, 3. gr.